

# ÍÞRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR

## *STOFNAÐ 1907*

# LÖG ÍR

2. gr.

**Tilgangur félagsins er iðkun hverskonar íþrótta, sem landslög heimila, og að efla áhuga almennings á gildi íþrótta.**

MARKMIÐ FÉLAGSINS ERU MEÐAL ANNARS:

*– Að bjóða öllum aldurshópum upp á uppbyggilegt og öflugt íþróttastarf í öruggu umhverfi, þar sem lögð er áhersla á manngildi og jafnrétti, ásamt því að styrkja og efla iðkendur til framtíðar.*

*– Að bjóða upp á fjölbreytt úrval íþrótta fyrir félagsmenn á öllum aldri í einstaklings- og hópíþróttum, með heilbrigði og vellíðan að leiðarljósi.*

*– Að efla áhuga félagsmanna og almennings á heilsurækt og íþróttaiðkun.*

*– Að skapa öllum félagsmönnum vettvang til að leggja sitt af mörkum fyrir félagið og taka þátt í starfi þess eins og kostur er.*

# Íþróttafélag Reykjavíkur

- Eitt öflugusta íþróttafélag landsins

- 11 íþróttagreinar
- Í kringum 100 æfingaflokkar
- Um 110 þjálfarar
- 2477 iðkendur
- þúsundir sjálfboðaliða
- 14 starfsmenn í íþróttahúsum og skrifstofu

- Við fullyrðum að ÍR séu fjölmennustu félagasamtökin í Breiðholti

# Aðstaðan

- Parkethús (karfa&handbolti)
- Fjölnotahús (gervigras, frjálsar og gym)
- Frjálsíþróttavöllur og vallarhús
- Gervigrasvöllur (fótbolti/keppni/æfingar)
- Grasvöllur (fótbolti/keppnisvöllur)
- Seljaskóli (karfa&handbolti)
- Breiðholtsskóli (fimleikar, parkour, frjálsar o.fl)
- Skíðaskáli ÍR og Víkings í Bláfjöllum
- Engin aðstaða er hjá ÍR í 111









# Íþróttagreinar ÍR og fjöldi iðkenda 2023

Frjálsar 362

Handbolti 431

Skíði 42

- Körfubolti 435

Knattspyrna 715

Taekwondo 123

Keila 220

Júdó 42 (0)

Fimleikar og Parkour 199

Karate 98

# Annað íþróttastarf

- Íþróttaskóli barna 2-5 ára hjá Frjálsum og körfunni
- Íþróttkennsla hjá leikskólum í ÍR heimilinu
- Kvennaleikfimi í ÍR heimilinu

★ Skokkhópur

- Íþróttir fyrir eldri borgara í  knatthúsinu
- Dansskóli Brynju í ÍR heimilinu
- Sumarnámskeið fyrir 5-14 ára, innan deilda og almennt leikjanámskeið

★ Íþróttaviðburðir : víðavangshlaup, gamlárshlaup, fjöldi móta í öllum deildum og margt fleira.

# Dæmi um ÍR sérverkefni síðustu ár – hvað næst ?

ÍR hefur í samvinnu við suðurmiðstöð og Reykjavíkurborg keyrt verkefni síðustu árin með það fyrir augum að auka þátttöku barna í Breiðholti í íþróttum :

* ÍR-ungar, 1. og 2. bekkur, eitt æfingagjald – margar greinar

- Frístundarúta milli skóla frístundaheimila í Breiðholti og íþróttamiðstöðvar ÍR í Skógarseli.

Einnig hefur ÍR hvatt ung börn til að æfa fleiri en eina íþrótt með því að bjóða "ÍR tvennu", sem er fyrir börn í 3. og 4 bekk – 30% afsláttur af æfingagjöldum ef iðkaðar eru tvær greinar.

# Framundan

### Á döfinni :

- Samstarfsverkefni með ÍBR, MÍR og suðurmiðstöð að ná betur til barna af erlendum uppruna.

### Hugmynd fyrir komandi ár :

- Ætti að skoða að halda 17. júní í hverfinu í samstarfi við aðila í hverfinu.

### Útvíkka samstarf

- Samstarf  með Rotary í Breiðholti á stóra Plokkdeginum í apríl 2023
- Skátafélagið Segull var með á ÍR deginum í ágúst.

### *Hvaða þörfum íbúa eigum við eftir að mæta ?*

# Rekstur

**Reykjavíkurborg**

Samstarfssamningur um rekstur á íþróttamannvirkjum í Skógarseli ásamt rekstri á íþróttahúsunum í Breiðholtsskóla og Seljskóla. Framlag dekkar laun, rafmagn, hita, vatn, sorphirðu, hreinlætisvörur og minniháttar viðhald.

**ÍBR**

Frá ÍBR fæst styrkur fyrir íþróttastjóra, sumarstarfi, frístundaakstri (hluta) skíðaskálastyrkur, umhirða grasvallar og styrkur til að halda uppi almennri þjónustu m.a. skrifstofuhaldi að einhverju leyti.

**Aðrar tekjur aðalstjórnar t.d. leigutekjur.**

Rekstur á eigin húsnæði í Skógarseli og almenn þjónusta (skrifstofuhald) sem opinberir styrkir ná ekki að dekka.

Hver íþróttadeild fyrir sig er rekin á æfingagjöldum, styrkjum, frjálsum framlögum og fjáröflunum af ýmsu tagi.

Rekstrarreikning 2022 og ársskýrslur liðinna ára má finna á heimasíðu ÍR.

# Nýting mannvirkja

Íþróttahús Breiðholtsskóla – skólaleikfimi til kl.16 og æfingar ÍR og útleiga ÍBR til 21 flesta virka daga og f.h. um helgar.

Íþróttahús Seljaskóla – skólaleikfimi til 15 og ÍR æfingar frá 15 til 22 flesta virka daga, misjafnt um helgar.

ÍR heimilið – æfingar frá kl. 14 til 21/22 flesta daga vikunnar, ÍR, kvennaleikfimi og dansskóli. Leikskólaleikfimi f.h. 3 morgna.

Fjölnotahús – æfingar ÍR og útleiga ÍBR frá 14 til 22 virka daga, eldri borgarar 2 morgna í viku. Oft mót og leikir um helgar.

Parkethús – æfingar ÍR frá 14 til 22, skólaleikfimi Ölduselsskóli f.h.  Oft mót og leikir um helgar.

Frjálsíþróttavöllur – notkun frá vori fram á haust eftir veðri.

# Áskoranir

**Næstu skref í aðstöðumálum : knattspyrnuvellir**

Mikilvægt samtal framundan við borgina í æfinga- og keppnisvöllum ÍR.

Þegar fjölda iðkanda er deilt á fm á völlum utanhúss þá hallar á ÍR í samanburði við flest önnur félög.

**Viðhald og rekstur á stóru svæði,**

Ssameiginleg sýn og skilningur á umfangi er mikilvægt í samtali ÍR og RVK og samskiptaleiðir þurfa að ver einfaldar og skilvirkar.

